



SGG lögstofa ehf.
Höfðabakki 9, D hús
105 Reykjavík

Dagsetning 19.9.2025
Málsnúmer UTN25070014

Ákvörðun um framlengingu á tímabundinni undanþágu frá þvingunaraðgerðum á grundvelli 9. gr. laga nr. 68/2023

Utánríkisráðuneytið vísar til ákvörðunar sinnar frá 28. júlí sl., sbr. einnig bréf ráðuneytisins frá 6. ágúst sl., þar sem félaginu Vélfagi ehf. var veitt tímabundin undanþága frá frystingu á fjármunum þess í vörslu Arion banka. Undanþágan heimilar Vélfagi að standa straum af greiðslum sem tengjast almennum rekstri félagsins, þar á meðal vegna samninga sem gerðir hafa verið eða kunna að verða gerðir eftir 20. maí sl. Ákveðin skilyrði voru sett af hálfu ráðuneytisins fyrir veitingu undanþágunnar jafnframt sem sérstaklega var tekið fram að hún gildi í átta vikur frá dagsetningu ákvörðunarinnar. Að óbreyttu fellur undanþága Vélfags úr gildi þann 22. september nk.

Í tölvupósti dags. 10. september sl. óskaði lögmaður Vélfags eftir því að ráðuneytið rýmki mjög undanþágu frá frystingu eigna félagsins, þannig að einungis skilyrði a- og b-liðar væru í gildi gagnvart ráðuneytinu, sem varða tilfærslu hluta í félaginu og ráðstöfun eigna og fjármuna til aðila sem tengjast þvingunaraðgerðunum. Félagið lýsti jafnframt vilja til að veita ráðuneytinu skýrslu um ráðstöfun fjármuna, þegar uppgjör hvers mánaðar liggja fyrir, sem að mati félagsins getur verið 20 dögum eftir mánaðamót. Var þessi ósk félagsins ítrekuð í tölvupósti til ráðuneytisins 17. september sl.

Í ákvörðun, dags. 28. júlí sl., veitti ráðuneytið Vélfagi undanþágu frá frystingu á grundvelli 9. gr. laga nr. 68/2023 með því skilyrði að þær myndu ekki grafa undan eða komast hjá markmiðum þvingunaraðgerða. Undanþága ráðuneytisins miðar að því að koma á fót öryggisráðstöfun (eldvegg) í því skyni að hindra að aðili á þvingunarlista geti haft áhrif, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti, á rekstur Vélfags. Öryggisráðstöfuninni er ætlað að tryggja að a) fjármunir renni ekki til Norebo JSC, aðila sem tengjast því eða annarra aðila sem sæta frystingu, b) starfsemi Vélfags sé ekki að öðru leyti til hagsbóta fyrir Norebo JSC, aðila sem tengjast því eða aðra aðila sem sæti frystingu og c) Norebo JSC, aðilar sem tengist því eða aðrir aðilar sem sæta frystingu geti ekki haft áhrif á ákvarðanir eða aðgerðir Vélfags, hvort sem þær eru viðskiptalegs eðlis eða ekki.

Hin tímabundna undanþága Vélfags frá þvingunaraðgerðum á grundvelli 9. gr. þfl. tók mið af mikilvægu hlutverki fyrirtækisins í íslenskri matvælaframleiðslu og stórrar markaðshlutdeildar innanlands. Ráðuneytið leit til þess að markmið þvingunaraðgerða væri ekki að gera innlendan rekstraraðila órekstrarhæfan, svo framarlega sem starfsemi fyrirtækisins sé ekki til hagsbóta fyrir frystan aðila eða gengur með öðrum hætti gegn markmiðum aðgerðanna. Þá er undanþága frá þvingunaraðgerðum ekki ætluð sem varanleg lausn og getur því ekki talist forsenda fyrir rekstri til framtíðar. Undanþága Vélfags var veitt með þeim áskilnaði að félagið myndi fylgja þeim leiðbeiningum sem fram komu í ákvörðun ráðuneytisins. Fyrirséð var að nauðsynlegt væri að grípa til viðeigandi ráðstafana, þar sem rekstrargrundvöllur sem byggir á tímabundinni undanþágu er ekki sjálfbær til lengri tíma litið.

Í áðurnefndri ákvörðun ráðuneytisins er fjallað um lögmætar leiðir til að losa innlend dótturfélög undan frystingu eigna, og í því samhengi er vísað til leiðbeininga Evrópusambandsins um svokallaða eldveggi. Æskilegt er að það sé gert með samþykki lögbærs stjórnvalds, þannig að dótturfélagið sé selt og andvirði sölunnar fryst. Almennt er viðurkennt í framkvæmd að það geti verið áskorun að tryggja áframhaldandi rekstur félags, þrátt fyrir að undanþágur frá þvingunaraðgerðum hafi verið veittar. Slíkar undanþágur ná ekki endilega til allra nauðsynlegra greiðslna sem kunna að falla til í rekstri. Þá er ekki unnt að útvíkka þær án þess að grafa undan tilgangi og virkni þvingunaraðgerðanna.

Með hliðsjón af mikilvægi þess að tryggja fyrirsjáanleika og þeim aðstæðum sem uppi eru, þykir ekki eðlilegt að undanþágan renni út án nokkurs svigrúms, enda verður talið sanngjarnt og í samræmi við vandaða stjórnáætlun að tekið sé tillit til stöðu og hagsmuna viðkomandi aðila. Þetta er í samræmi við meginreglu stjórnáætlunar um meðalhóf, sbr. 12. gr. stjórnáætlunar nr. 37/1993.

Ákvörðun hefur því verið tekin af hálfu ráðuneytisins að framlengja um fjórar vikur tímabundna undanþágu Vélfrags frá þvingunaraðgerðum á grundvelli 9. gr. þfl. Framlenging undanþágunnar er að mestu óbreytt frá þeirri sem birtist í fyrri ákvörðun ráðuneytisins frá 28. júlí sl., sbr. einnig bréf ráðuneytisins frá 6. ágúst sl. Ráðuneytið hefur þó ákveðið að skerpa orðalag a- og g-liðar skilyrðanna, jafnframt sem h-lið hefur verið bætt við, til að auka gagnsæi og yfirsýn varðandi viðskipti félagsins.

Skilyrði undanþágunnar eru eftirfarandi:

- a) Kvöð á hluti Vélfrags ehf. í eigu Titania þess efnis að hvers konar sala, framsal, veðsetning eða önnur yfirfærsla þeirra sé óheimil nema með skriflegri heimild ráðuneytisins skal koma fram í samþykktum félagsins. Vélfrag ehf. hefur sjö daga frá ákvörðun þessari til að uppfylla þetta skilyrði og skal félagið tilkynna ráðuneytinu þegar samþykktir hafi verið breyttar. Í tilkynningunni skal félagið sýna fram á að skilyrðið sé uppfyllt og að uppfærð samþykkt hafi verið send þar til bæru stjórnvaldi.
- b) Engum eignum eða fjármunum verði ráðstafað með beinum eða óbeinum hætti til Titania, aðila sem tengjast Titania, Norebo JSC, aðila sem tengjast Norebo JSC, eða annarra aðila sem eru á frystingarlista. Að sama skapi verði engir samningar gerðir við framangreinda aðila, þeim veitt lán eða annars konar fyrirgreiðslur eða þegin frá þeim lán eða aðrar fyrirgreiðslur.
- c) Engar breytingar verði gerðar á stjórn eða framkvæmdastjórn félagsins nema með heimild ráðuneytisins.
- d) Engar greiðslur verði inntar af hendi til innlends eða erlends aðila nema að undangengnu mati þess tilkynningarskylda aðila sem þjónustar Vélfrag við greiðsluna um að móttakandi sé ekki tengdur Norebo JSC eða öðrum frystum aðila. Í sambandi við þetta skilyrði getur ráðuneytið samþykkt lista yfir aðila sem félagið á í reglulegum viðskiptum við, sem ráðuneytið metur traustverða að höfðu samráði við þann tilkynningarskylda aðila sem þjónustar Vélfrag. Ekki væri þörf á sérstöku mati fyrir hverja greiðslu til aðila á slíkum lista.
- e) Greiðslukort í nafni félagsins verði ekki notuð til úttektar úr hraðbönum, til fjármagnsflutninga í gegnum aðila sem veita slíka þjónustu rafrænt eða til kaupa á rafmynt, NFT eða öðrum verðmætum sem byggja á skjalakeðjutækni (e. blockchain). Þá verði samanlögð hámarksheimild greiðslukorta félagsins 1.426.000 krónur á mánuði.

- f) Nýir viðskiptasamningar verði ekki gerðir nema með heimild ráðuneytisins. Áður en slík ákvörðun er tekin skal ráðuneytið leggja mat á efni samningsins og leita umsagnar um áreiðanleika samningsaðila frá þeim tilkynningarskylda aðila sem mun annast greiðslur í tengslum við hann. Þó er heimilt að gera nýja viðskiptasamninga við viðskiptaaðila sem Vélfaq hefur áður þjónustað án sérstakrar heimildar ef fjárhæð samningsins nemur að hámarki 1.426.000 krónum.
- g) Vélfaq skal skila utanríkisráðuneytinu skýrslu fyrir lok þessa mánaðar, sem skal innihalda ítarlegt yfirlit yfir allar greiðslur sem hafa verið inntar af hendi undangenginn mánuð, ásamt yfirliti yfir allar eignir og skuldir félagsins.
- h) Öll viðskipti Vélfags sem og allar greiðslur, sem inntar eru af hendi til félagsins eða greiddar af hálfu félagsins, skulu fara í gegnum Arion banka.

Með hliðsjón af umfjöllun í fyrrnefndri ákvörðun ráðuneytisins frá 28. júlí um túlkun 9.gr. þfl. ásamt mikilvægi þess að samræmis sé gætt í framkvæmd til að markmiðum aðgerða verði náð verður af hálfu ráðuneytisins ekki fallist á beiðni Vélfags um rýmku skilyrða undanþágunnar. Að mati ráðuneytisins myndi slíkt grafa undan virkni þvingunaraðgerðanna og draga úr svigrúmi ráðuneytisins til að framfylgja alþjóðlegum skuldbindingum.

Líkt og framan greinir gildir ákvörðun ráðuneytisins um framlengingu í fjórar vikur frá dagsetningu hennar. Eins gildir ákvörðunin aðeins og eingöngu að því gefnu að Arion banki, og eftir tilvikum aðrir tilkynningarskyldir aðilar sem Vélfaq á í viðskiptum við, geti og séu reiðubúnir til að hafa fullnægjandi eftirlit með umræddum greiðslum. Leiði framkvæmd ákvörðunarinnar eða einhvers skilyrða hennar til kostnaðar skal hann borinn af Vélfagi. Vakni grunur um að eitthvert skilyrða ákvörðunarinnar hafi verið brotið fellur ákvörðunin sjálfkrafa úr gildi og varðar það viðurlögum skv. VIII. kafla þfl.

Að lokum skal áréttað að að óbreyttu verður ekki tekin frekari ákvörðun um framlengingu undanþágunnar, enda hafi ráðuneytinu ekki borist óbyggjandi gögn eða upplýsingar um að Vélfaq ehf. hyggist grípa til lögmætra leiða til þess að losa félagið undan frystingu.

Fyrir hönd ráðherra,

Sesselja Sigurðardóttir